

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2007/45/EB

frá 5. september 2007

## um reglur um tilgreint magn forpakkaðrar vöru, um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 75/106/EBE og 80/232/EBE og um breytingu á tilskipun ráðsins 76/211/EBE

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna<sup>(1)</sup>,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans<sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipunum ráðsins 75/106/EBE frá 19. desember 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tilgreint rúmmál tiltekins forpakkaðs vökva<sup>(3)</sup> og 80/232/EBE frá 15. janúar 1980 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tilgreint magn og rými sem leyfilegt er fyrir tiltekna forpakkaðar vörur<sup>(4)</sup> er sett fram tilgreint magn allmargra forpakkaðra vara, sem eru bæði í fljótandi formi og ekki í fljótandi formi, í því skyni að tryggja frjálsan flutning framleiðsluvara sem fullnægja kröfum í þeim tilskipunum. Fyrir flestar framleiðsluvörur er leyft að hafa innlent, tilgreint magn samhliða tilgreindu magni Bandalagsins. Fyrir sumar framleiðsluvörur er tilgreint magn Bandalagsins þó ákveðið þannig að það útilokar allt innlent, tilgreint magn.
- 2) Í kjölfar breytinga á neytendavenjum og nýjunga í forpökkun og smásölu á vettvangi Bandalagsins og á innlendum vettvangi er orðið nauðsynlegt að meta hvort gildandi löggjöf er enn viðeigandi.
- 3) Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu í dómi sínum frá 12. október 2000, í máli C-3/99 Cidreterie Ruwet<sup>(5)</sup>, að aðildarríkin megi ekki banna markaðssetningu forpakkingar, sem er framleidd og markaðssett löglega í öðru aðildarríki, með tilgreindu magni sem ekki er gefið upp í Bandalaginu, nema slíkt bann grundvallist á þörf er

lýtur að neytendavernd, gildi jafnt um innlendar og innfluttar framleiðsluvörur, sé nauðsynlegt til þess að fullnægja áðurnefndri þörf og sé í réttu hlutfalli við markmiðið og að það markmið náist ekki með ráðstöfunum sem hafa í för með sér færri takmarkanir á viðskiptum innan Bandalagsins.

- 4) Löggjöf, sem er samþykkt eftir tilskipunum 75/106/EBE og 80/232/EBE, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/6/EB frá 16. febrúar 1998 um neytendavernd að því er varðar upplýsingar um verð á vöru sem er boðin neytendum<sup>(6)</sup>, léttir neytendaverndina. Hafi ekki orðið af því enn sem komið er ættu aðildarríkin að íhuga hvort þau vilja lögleiða tilskipun 98/6/EB í tengslum við tiltekin, lítil smásölu fyrirtæki.
- 5) Mat á áhrifum, sem felur í sér viðtækt samráð allra hagsmunaaðila, bendir til þess að í mörgum geirum auki frjálst tilgreint magn frelsi framleiðenda til að bjóða vörur sem falla að smekk neytenda og efla samkeppni að því er varðar gæði og verð á innri markaðnum. Í öðrum geirum er þó heppilegra, af tillitssemi við neytendur og fyrirtæki, að halda bindandi, tilgreindu magni enn um sinn.
- 6) Framkvæmd þessarar tilskipunar ættu að fylgja meiri upplýsingar til neytenda og atvinnugreinarinnar til að efla skilning á verðlagningu eininga.
- 7) Þar af leiðandi ætti tilgreint magn alla jafna hvorki að falla undir reglur á vettvangi Bandalagsins né á innlendum vettvangi og það ætti að vera hægt að setja forpakkaðar framleiðsluvörur á markað með hvaða tilgreindu magni sem er.
- 8) Í tilteknum geirum kynni slíkt afnám reglna þó að leiða til óhóflega mikils aukakostnaðar, einkum hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Því ber að laga gildandi löggjöf Bandalagsins að þeim geirum í ljósi reynslunnar, einkum til þess að tryggja að tilgreint magn Bandalagsins sé a.m.k. fastsett fyrir þær neytendavörur sem seljast mest.
- 9) Þar eð líta ber á viðhald bindandi, tilgreinds magns sem frávik, nema í vingeiranum sem hefur eigin sérkenni, skal það endurskoðað reglubundið í ljósi reynslunnar og til þess að fullnægja þörfum neytenda og framleiðenda.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 255, 14.10.2005, bls. 36.<sup>(2)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 2. febrúar 2006 (Stjtið. ESB C 288 E, 25.11.2006, bls. 52), sameiginleg afstaða ráðsins frá 4. desember 2006 (Stjtið. ESB C 311 E, 19.12.2006, bls. 21), afstaða Evrópuþingsins frá 10. maí 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 16. júlí 2007.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 42, 15.2.1975, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 51, 25.2.1980, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 87/356/EEC (Stjtið. EB L 192, 11.7.1987, bls. 48).<sup>(5)</sup> [2000] ECR I-8749.<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 80, 18.3.1998, bls. 27.

Í geirum þar sem hægt er að viðhalda bindandi, tilgreindu magni skal framkvæmdastjórnin íhuga hvort leyfa beri aðildarríkjunum að viðhalda aðlögunar-tímabilum og einkum að halda mest seldu bindandi, tilgreindu stærðunum þegar hún hefur fullvissu um röskun markaðsaðstæðna eða breytt atferli neytenda, einkum þeirra sem viðkvæmastir eru.

- 10) Í aðildarríkjum, þar sem forpakkað brauð er hátt hlutfall af almennri neyslu, er mikil samsvörun milli pakkastærðar og þyngdar brauðsins. Eins og raunin er með aðrar forpakkaðar framleiðsluvörur mun þessi tilskipun ekki hafa áhrif á hefðbundnar, gildandi pakkastærðir forpakkaðs brauðs og þær verður hægt að nota áfram.
- 11) Til að stuðla að gagnsæi skal tilgreina í einni lagagerð allt tilgreint magn fyrir forpakkaðar framleiðsluvörur og þar af leiðandi skulu tilskipanir 75/106/EBE og 80/232/EBE felldar úr gildi.
- 12) Í því skyni að efla neytendavernd, einkum fyrir viðkvæma neytendur, s.s. fatlaða og aldraða, skal gefa nægilegan gaum að því að tryggja að upplýsingar um þyngd og magn á merkingum neytendavara verði læsilegri og greinilegri á tilbúinni pakkningu í því formi sem hún er venjulega.
- 13) Fyrir tiltekinn vökva eru settar fram í tilskipun 75/106/EBE mælifræðilegar kröfur sem eru þær sömu og settar eru fram í tilskipun ráðsins 76/211/EBE frá 20. janúar 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tilgreinda vigt eða rúmmál tiltekinnar forpakkaðrar vöru<sup>(1)</sup>. Því ber að breyta tilskipun 76/211/EBE þannig að gildissvið hennar nái yfir framleiðsluvörur sem, eins og sakir standa, falla undir tilskipun 75/106/EBE.
- 14) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu<sup>(2)</sup> eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, að semja og birta sín eigin yfirlit sem, eftir því sem kostur er, sýna samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingaráðstafananna.
- 15) Þar eð markmið þessarar tilskipunar nást ekki nægilega vel í aðildarríkjunum og auðveldara er að ná markmiðunum á vettvangi Bandalagsins með því að fella úr gildi tilgreint magn Bandalagsins og tryggja samræmt, tilgreint magn í Bandalaginu, ef þörf krefur, er Bandalaginu heimilt að samþykka ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, sem er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## I. KAFLI

### ALMENN ÁKVÆÐI

#### 1. gr.

#### Efni og gildissvið

1. Í þessari tilskipun eru settar reglur um tilgreint magn fyrir framleiðsluvörur í forpakkningum. Það gildir um forpakkaðar framleiðsluvörur og forpakkningar, eins og skilgreint er í 2. gr. tilskipunar 76/211/EBE.

2. Tilskipun þessi gildir ekki um framleiðsluvörur, sem eru skráðar í viðaukanum, þegar þær eru seldar í tollfrjálsum verslunum til neyslu utan Evrópusambandsins.

#### 2. gr.

#### Frjálsir vöruflutningar

1. Ef ekki er kveðið á um annað í 3. og 4. gr. mega aðildarríkin ekki neita, banna eða takmarka, af ástæðum er varðar tilgreint magn pakka, að forpakkaðar framleiðsluvörur séu settar á markað.

2. Ef það stríðir ekki gegn meginreglunum sem eru tilgreindar í sáttmálanum, og ekki síst frjálsum vöruflutningum, mega aðildarríki, sem eins og sakir standa mæla fyrir um bindandi, tilgreint magn fyrir mjólk, smjör, pasta og kaffi, halda því áfram til 11. október 2012. Aðildarríki, sem eins og sakir standa mæla fyrir um bindandi, tilgreint magn fyrir hvítan sykurl, mega halda því áfram til 11. október 2013.

## II. KAFLI

### SÉRÁKVÆÐI

#### 3. gr.

#### Markaðssetning og frjálsir flutningar tiltekinnar framleiðsluvara

Aðildarríkin skulu sjá til þess að framleiðsluvörur, sem eru skráðar í 2. lið viðaukans og forpakkaðar innan frests, sem er tilgreindur í 1. lið viðaukans, séu aðeins settar á markað ef þær eru forpakkaðar með tilgreinda magninu sem er tilgreint í 1. lið viðaukans.

#### 4. gr.

#### Úðabrúsar

1. Á úðabrúsum skal tilgreina heildarnafnrúmtak ílátsins. Tilgreiningin má ekki vera þannig úr garði gerð að hún valdi ruglingi við nafnrúmmál innihaldsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 46, 21.2.1976, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 78/891/EEC (Stjtið. EB L 311, 4.11.1978, bls. 21).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

2. Með því að víkja frá ákvæðum e-liðar 1. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 75/324/EBE frá 20. maí 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrusa<sup>(1)</sup> er ekki nauðsynlegt að framleiðsluvörur, sem eru seldar í úðabrusum, séu merktar með nafnþyngd innihaldsins.

5. gr.

**Safnpakkningar og forpakkningar sem samanstanda af stökum pakkningum og ekki eru ætlaðar til sölu hver í sínu lagi**

1. Að því er varðar 3. gr., ef safnpakkningar samanstanda af tveimur eða fleiri einstökum tilbúnum pakkningum, gildir tilgreinda magnið, sem er skráð í 1. lið viðaukans, um hinar einstöku pakkningar.

2. Ef forpakkning samanstendur af tveimur eða fleiri einstökum pakkningum, sem ekki eru ætlaðar til sölu hver í sínu lagi, gildir tilgreinda magnið, sem er skráð í 1. lið viðaukans, um forpakkninguna.

III. KAFLI

**NIÐURFELLINGAR, BREYTING OG LOKAÁKVÆÐI**

6. gr.

**Niðurfelling**

Tilskipanir 75/106/EBE og 80/232/EBE skulu felldar úr gildi.

7. gr.

**Breyting á tilskipun 76/211/EBE**

Í 1. gr. tilskipunar 76/211/EBE falli brott orðin „að frátöldum þeim sem um getur í tilskipun ráðsins 75/106/EBE frá 19. desember 1974, um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tilgreint rúmmál tiltekins forpakkkaðs vökva\Nmgr(1), sem“.

8. gr.

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnáskilgæfingarmáli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 11. október 2008. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum lögum og ákvæðum frá 11. apríl 2009.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun

þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

9. gr.

**Skýrslugjöf, tilkynning um undanþágur og vöktun**

1. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu, ráðinu og efnahags- og félagsmálanefndinni skýrslu um beitingu og áhrif þessarar tilskipunar eigi síðar en 11. október 2015 og annað hvert ár eftir það. Ef þörf krefur skulu viðeigandi tillögur um endurskoðun á þessari tilskipun fylgja skýrslunum.

2. Eigi síðar en 11. apríl 2009 skulu aðildarríkin, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., tilkynna framkvæmdastjórninni hvaða geirar falla undir undanþáguna, sem um getur í þeirri málsgrein, hve lengi hún gildir, hvaða bindandi, tilgreint magn er notað og hvaða tímabil átt er við.

3. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með beitingu 2. mgr. 2. gr. á grundvelli eigin niðurstaðna og skýrslna frá viðkomandi aðildarríkjum. Framkvæmdastjórnin skal umfram allt fylgjast með markaðspróun í kjölfar lögleiðingar þessarar tilskipunar og í ljósi niðurstaðna þeirrar athugunar íhuga að gera ráðstafanir til eftirfylgni við þessa tilskipun með því að viðhalda bindandi, tilgreindu magni fyrir þær framleiðsluvörur sem um getur í 2. mgr. 2. gr.

10. gr.

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 2., 6. og 7. gr. gilda frá 11. apríl 2009.

11. gr.

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 5. september 2007.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

H.-G. PÖTTERING

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. LOBO ANTUNES

*forseti.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 147, 9.6.1975, bls. 40. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 807/2003 (Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 36).

## VIÐAUKI

## TILGREINT MAGN Í INNIHALDI FORPAKKNINGA

## 1. Framleiðsluvörur sem eru seldar eftir rúmmáli (magn í ml)

Vín sem freyðir ekki	Á bilinu frá 100 ml til 1500 ml, eingöngu eftirfarandi 8 möguleikar á tilgreindu magni: ml: 100 — 187 — 250 — 375 — 500 — 750 — 1000 — 1500
Gult vín	Á bilinu frá 100 ml til 1500 ml, eingöngu eftirfarandi, tilgreint magn: ml: 620
Freyðivín	Á bilinu frá 125 ml til 1500 ml, eingöngu eftirfarandi 5 möguleikar á tilgreindu magni: ml: 125 — 200 — 375 — 750 — 1500
Líkjörvín	Á bilinu frá 100 ml til 1500 ml, eingöngu eftirfarandi 7 möguleikar á tilgreindu magni: ml: 100 — 200 — 375 — 500 — 750 — 1000 — 1500
Kryddvín	Á bilinu frá 100 ml til 1500 ml, eingöngu eftirfarandi 7 möguleikar á tilgreindu magni: ml: 100 — 200 — 375 — 500 — 750 — 1000 — 1500
Brenndir drykkir	Á bilinu frá 100 ml til 2000 ml, eingöngu eftirfarandi 9 möguleikar á tilgreindu magni: ml: 100 — 200 — 350 — 500 — 700 — 1000 — 1500 — 1750 — 2000

## 2. Skilgreining á vöru

Vín sem freyðir ekki	Vín eins og það er skilgreint í b-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins <sup>(1)</sup> (SAT-númer úr 2204).
Gult vín	Vín, eins og það er skilgreint í b-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 (SAT-númer úr 2204), með upprunatáknun: „Côtes du Jura“, „Arbois“, „L'Etoile“ og „Château-Chalon“ í flöskum eins og þær eru skilgreindar í 3. lið I. viðauka reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 753/2002 frá 29. apríl 2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, kynningu og vernd tiltekinna vínafurða <sup>(2)</sup> .
Freyðivín	Vín eins og það er skilgreint í b-lið 2. mgr. 1. gr. og í 15., 16., 17. og 18. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 (SAT-númer 2204 10).
Líkjörvín	Vín eins og það er skilgreint í b-lið 2. mgr. 1. gr. og í 14. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 (SAT-númer 2204 21 — 2204 29).
Kryddvín	Kryddvín eins og það er skilgreint í a-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá 10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínnum, drykkjum blönduðum með kryddvínnum og hanastélum blönduðum með kryddvínnum <sup>(3)</sup> (SAT-númer 2205).
Brenndir drykkir	Brenndir drykkir eins og þeir eru skilgreindir í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1576/89 frá 29. maí 1989 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum <sup>(4)</sup> (SAT-númer 2208).

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006 (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 118, 4.5.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 382/2007 (Stjtið. ESB L 95, 5.4.2007, bls. 12).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 149, 14.6.1991, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2005.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 160, 12.6.1989, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2005.